

Fundargerð

Fundur réttarfarsnefndar 7. mars 2023.

Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 15:30 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EEP), Gizur Bergsteinsson (GB) og Kolbrún Benediksdóttir (KB). Þá sátu fundinn Bryndís Helgadóttir (BH) skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP) lögfræðingur í dómsmálaráðuneyti og ritaði hið síðarnefnda jafnframt fundargerð.

ÁÓ setti fundinn.

Bókað að þann 10. febrúar 2023, eftir síðasta fund réttarfarsnefndar sem haldinn var 7. febrúar síðastliðinn, barst nefndinni beiðni dómsmálaráðuneytisins um umsögn um drög að frumvarpi dómsmálaráðherra um sameiningu héraðsdómstólanna. Umsögn nefndarinnar var afgreidd á milli funda og afhent ráðuneytinu þann 20. febrúar 2023.

Í upphafi fundarins gerði ÞHP grein fyrir athugun sem farið hefur fram innan dómsmálaráðuneytisins eftir beiðni ÁÓ um hvernig best verði staðið að því að birta upplýsingar um störf nefndarinnar á heimasíðu ráðuneytisins. Sú vinna mun halda áfram í samráði við nefndarmenn.

Því næst gerði BH stuttlega grein fyrir frumvarpi sem unnið er að á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og varðar meðal annars rafrænar skuldaviðurkenningar. Greindi hún frá því að hugsanlega yrði óskað eftir umsögn réttarfarsnefndar um frumvarpið.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál sem réttarfarsnefnd hefur tekið til meðferðar að beiðni dómsmálaráðuneytisins.

- 1) Fyrirkomulag dómskýrslna á rannsóknarstigi samkvæmt 59. gr. laga um meðferð sakamála.*
Upplýsinga hefur verið safnað um fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum. Rætt var um þær leiðir sem þar eru farnar og þær bornar saman við réttarstöðuna hér á landi.
- 2) Áfrýjun sakamáls, sbr. 198. gr. laga um meðferð sakamála.*
Drög að umsögn til ráðuneytisins eru langt komin þar sem meðal annars er farið yfir forsögu ákvæðisins, dómaframkvæmd og fjallað um tölfræði mála af þessu tagi hér á landi.
- 3) Framkvæmd húsleita á lögmannsstofum.*
Verið er að afla upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum og verða þær teknar saman fyrir nefndina þegar þær liggja fyrir.
- 4) Málskostnaður við meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi og við ómerkingu og heimvísun mála.*
Verið er að afla upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum. Umræður voru um kosti og galla þess að gera breytingar á þessum reglum og um mismunandi sviðsmyndir í þeim efnum.

5) *Aðgangur verjenda að gögnum samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008.*

Verið er að afla upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála á honum Norðurlöndunum og verða þær teknar saman fyrir nefndina þegar þær liggja fyrir. Nefndarmenn ræddu um kosti og galla þess að gera breytingar á þessum reglum.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði kl. 15.30 hinn 25. apríl 2023 í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 17:15.

ÞHP.